

Nd. **433. Frumvarp til laga** [177. mál]
um breyting á lögum nr. 58/1946, um menntaskóla.

(Lagt fyrir Alþingi á 85. löggjafarþingi, 1964—65.)

1. gr.

1. gr. laga nr. 58/1946 orðist svo:

Menntaskólar skulu vera sex, tveir í Reykjavík, einn á Akureyri, einn að Laugarvatni, einn á Vestfjörðum og einn á Austurlandi. Menntaskólarnir utan Reykjavíkur skulu vera heimavistarskólar. Menntaskólana á Vestfjörðum og Austurlandi skal stofna, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum. Einnig skal, þegar fé er til þess veitt í fjárlögum, heimilt að stofna fleiri menntaskóla í Reykjavík eða nágrenni. Heimilt er menntamálaráðuneytinu að koma á fót kennslu í námsefni 1. bekkjar menntaskóla við gagnfræðaskóla, þar sem nemendafjöldi og önnur skilyrði gera slíka ráðstöfun eðlilega og framkvæmanlega. Er þá ráðuneytinu heimilt að setja reglur um þetta skólahlald, þ. á m. skilyrði um lágmarkstölu nemenda í hverjum bekk. Heimilt skal að koma framangreindum menntaskólum á fót í áföngum, bæði að því er varðar kennslu og bygging húsnæðis fyrir þá.

Kostnaður við stofnun og rekstur menntaskóla greiðist úr ríkissjóði, svo og kostnaður við menntaskóladeildir, er komið kann að verða á fót við gagnfræðaskóla samkvæmt heimild þessarar lagagreinar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í 1. gr. laga nr. 58/1946, um menntaskóla, segir, að menntaskólar séu tveir, annar í Reykjavík, en hinn á Akureyri, og að stofna skuli hinn þriðja í sveit, þegar fé sé veitt til þess í fjárlögum. Samkvæmt þessum ákvæðum eru nú þrír menntaskólar starfandi, í Reykjavík, á Akureyri og að Laugarvatni, en sá skóli var stofnaður árið 1953 samkvæmt heimild í nefndum lögum. Auk þessa er svo lærdómsdeild við Verzlunarskóla Íslands í Reykjavík, sem starfar samkvæmt reglugerð nr. 95 frá 5. nóvember 1942.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að menntaskólum verði nú þegar fjölgað um einn í Reykjavík og heimild veitt til að stofna heimavistarmenntaskóla á Vestfjörðum og á Austurlandi, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum. Þá er einnig veitt heimild til, þegar Alþingi veitir til þess fé, að stofna fleiri menntaskóla í Reykjavík eða nágrenni. Enn fremur er menntamálaráðuneytinu heimilað að koma á fót kennslu í námsefni 1. bekkjar menntaskóla við gagnfræðaskóla, þar sem nemendafjöldi og önnur skilyrði gera slíka ráðstöfun eðlilega og framkvæmanlega. Jafnframt er menntamálaráðuneytinu veitt heimild til að setja reglur um þetta skólahlald, þ. á m. skilyrði um lágmarkstölu nemenda. Ætlazt er til, að heimilt sé að koma framangreindum menntaskólum á fót í áföngum, bæði að því er varðar kennslu og byggingu húsnæðis fyrir þá.

Í lok síðustu heimsstyrjaldar var nemendafjöldi menntaskólans í Reykjavík rúmlega 300, en nú er hann rúmlega 900. Þessi mikla nemendafjölgun hefur átt sér stað á sama tíma og byggt hefur verið heimavistarhús við menntaskólann á Akureyri, menntaskóli hefur verið stofnaður að Laugarvatni og lærdómsdeild við Verzlunarskóla Íslands í Reykjavík.

Ríkisstjórnin markaði á sínum tíma þá stefnu, að menntaskóli skyldi framvegis vera í Reykjavík á núverandi skólastað við Lækjargötu, en að jafnframt yrði byggður annar menntaskóli í Hamrahlíð. Var síðan hafizt handa um skipulagningu svæðisins umhverfis gamla menntaskólahúsið, og er miðað við, að menntaskólanum verði í framtíðinni ætlað allt svæðið milli Lækjargötu, Amtmannsstígs, Þingholtsstrætis og Bókhöldustígs, að fráteknu nokkru belti vegna húsaráðar við Þingholtsstræti. Hefur nú verið byggt og tekið í notkun kennsluhúsnæði rétt hjá gamla skólahúsinu. Er þessi nýbygging raunar stærri að rúmmáli en gamla skólahúsið eða 5000 teningsmetrar, en gamla skólahúsið er 4450 teningsmetrar. Hið nýja húsnæði er fyrst og fremst ætlað til kennslu í sérgreinum, þ. e. náttúrufræðigreinum, efnafræði, eðlisfræði og kennslu í tungumálum og miðað við, að þarna verði hægt að beita nýjustu tækjum og aðferðum í þessum kennslugreinum. Þá hefur verið hafizt handa um undirbúning að byggingu menntaskólahúss við Hamrahlíð. Hefur teikning verið gerð að húsinu, og er miðað við að byggja það og taka í notkun í áföngum. Er stefnt að því, að sex kennslustofur verði byggðar í sumar og teknar í notkun haustið 1965. Lýtur það frumvarp, sem hér er flutt, m. a. að því, að hinn nýi menntaskóli verði sérstök stofnun.

Þá hefur verið ákveðið að stækka Menntaskólann að Laugarvatni í áföngum á fimm árum þannig, að nemendur verði 200, en nú eru þeir um 100. Næstu byggingarframkvæmdir við Menntaskólann að Laugarvatni eru heimavistir þær, sem á vantar til þess, að skólinn verði 200 nemenda skóli. Síðan verði kennslurými aukið svo, að komizt verði hjá tvísetningu í skólanum. Menntaskóli má ekki vera minni en 200 nemenda skóli til þess að starfsemi hans verði eðlileg og með hagkvæmum hætti, t. d. um nýtingu kennslukrafta.

Þótt byggt hafi verið fyrir skömmu heimavistarhús við Menntaskólann á Akureyri, þá þarf að horfast í augu við, að sjálft skólahúsið er gamalt timburhús, sem krefst endurnýjunar innan tíðar. Er nú í undirbúningi athugun á því, með hverjum hætti haganlegast sé að bæta aðstöðu til kennslu í sérgreinum við skólann.

Ástæða er til að vekja athygli á því, að heimildin til stofnunar nýrra menntaskóla er miðuð við, að fé sé veitt í fjárlögum. Er þá vitanlega átt við, að nægilegt

fé sé veitt til að ganga frá 1. áfanga eða þeim áföngum, sem ráðizt er í hverju sinni.

Rétt þykir að hafa í frumvarpinu heimild til þess að hefja menntaskólakennslu við gagnfræðaskóla, þar sem nemendafjöldi og önnur skilyrði gera slíka ráðstöfun eðlilega og framkvæmanlega. Þetta hefur t. d. verið reynt á Ísafirði um nokkurt skeið, og raunverulega var slík kennsla upphaf Menntaskólans að Laugarvatni.